



UMBOÐSMAÐUR BARNNA

„Börn mega gagnrýna skólann!“

Margrét María Sigurðardóttir 10. nóv. 2012

www.barn.is



Barnasáttmálinn

- ▶ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
 - ▶ Fullgiltur hér á landi árið 1992
- ▶ Útbreiddasti mannréttindasamningur heims.
 - ▶ Öll ríki heims nema þrjú hafa fullgilt hann.
- ▶ Tryggir börnum sjálfstæð mannréttindi.
- ▶ Ný sýn á réttindi barna.
 - ▶ Vernd – umönnun – þátttaka.
- ▶ Fjórar grundvallarreglur.



12. gr. – Réttur barns til að láta í ljós skoðanir sínar

- ▶ Framsæknasta greinin og ein sú erfiðasta í framkvæmd.
- ▶ Umboðsmaður barna hefur beitt sér á margan hátt til að virkja hana.
 - ▶ Lagabreytingar.
 - ▶ Ungmennaráð.
 - ▶ Skólaráð.
 - ▶ Ábendingar til Barnaréttarnefndarinnar.
 - ▶ Skólaverkefni, kynning og fræðsla.
 - ▶ Safna saman lýðræðisverkefnum í leik- og grunnskólum.
 - ▶ Stjórnlæg unga fólksins.



Leiðir nemenda til að hafa áhrif á skólastarfi skv. grunnskólalögum

▶ Nemendafélög

- ▶ Í 10. gr. laga um grunnskóla er fjallað um nemendafélög en þar segir að við grunnskóla skuli starfa nemendafélag sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.
- ▶ Umboðsmanni barna finnst eðlilegt að skólayfirvöld kynni t.d. fyrirhugaðar breytingar á skólastarfi fyrir nemendafélagi til að stjórn félagsins geti tekið ákvörðun um það hvort ræða beri breytingarnar innan félagsins.



Grunnþættir grunnskólans

- ▶ Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.
- ▶ Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.
- ▶ Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.



Efling nemenda til að hafa áhrif á skólastarf skv. aðalnámskrá

- ▶ Skólar þurfa að taka mið af því að börn og ungmenni eiga eftir að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög og þjálfist í því að taka þátt í þeim.
- ▶ Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.
- ▶ Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.
- ▶ Þátttaka nemenda við ákvarðanir í skólastarfi er því mikilvægt verkefni í þjálfu börn og ungmenni í virku lýðræði.



Leiðir nemenda til að hafa áhrif á skólastarfi skv. grunnskólalögum

▶ Skólaráð

- ▶ Í 8. gr. laga um grunnskóla er fjallað um skólaráð en samkvæmt henni skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.
- ▶ Í skólaráði eiga að vera tveir fulltrúar nemenda.
- ▶ Umboðsmaður barna telur mikilvægt að efla nemendur í skólaráðum og aðstoða þá til þess að nýta sér þennan vettvang fyrir hagsmunamál sín.



Hvaða möguleika hafa nemendum til að hafa áhrif í skólanum eða nærsamfélag skv. leikskólalögum

- ▶ Lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla eru lituð m.a. af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Sex grunnþættir skv. aðalnámskrá leikskóla (2011): læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun
- ▶ Leikskóla ber að vera vettvangur þar sem allir:
 - ▶ Taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni.
 - ▶ Hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum.
 - ▶ Bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.
 - ▶ Vinna saman og aðstoða hver annan.
 - ▶ Hafa val um verkefni og vinnubrögð.
 - ▶ Hafa áhrif á leikskólastarfið.
 - ▶ Taka þátt í heimspekilegum umræðum.
 - ▶ Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.



Lýðræði í leikskólastarfi

- ▶ Til að bæta aðstæður barna og þjónustu við þau er þátttaka þeirra sjálfra mikilvæg. Börn eru sjálf sérfræðingarnir í eigin lífi og því er mikilvægt að nýta einstaka sýn barnanna og þá þekkingu sem þau búa yfir.
- ▶ Þátttaka barna eykur þannig skilning fullorðinna á lífi og reynslu barna. Þátttaka barna er þeim einnig mikilvæg svo að þau nái að þroskast sem ábyrgir borgarar.
- ▶ Víða eru leikskólar að vinna með lýðræði í sínu starfi.
- ▶ Umboðsmaður barna hefur óskað eftir upplýsingum um þátttöku- og lýðræðisverkefni.



Leiðir til að virkja börn til þátttöku – nokkur dæmi

Norrænt rit í tilefni 20 ára afmælis Barnasáttmála SP

- ▶ Skýrsla gefin út árið 2009.
- ▶ 23 greinar um leiðir til að virkja börn til þátttöku í norrænu ríkjunum fimm og á sjálfstjórnarsvæðunum.
- ▶ Greint er frá ýmsum leiðum til að virkja krafta æskufólks í von um að slík dæmi vekji áhuga og nýtist öðrum í starfi með börnum og unglingum.
- ▶ Greinarnar sýna hve mikilvægt er að hafa börn með í ráðum og að þátttaka þeirra getur verið með ýmsu móti allt eftir því hvert markmiðið er hverju sinni.



Leiðir til að virkja börn til þátttöku – nokkur dæmi

- ▶ Þegar leikskólinn Sæborg varð 15 ára var rætt um hvaða hugmyndir krakkarnir hefðu í tengslum við afmælið. Markmið verkefnisins var að læra og skilja sýn barnanna á leikskólann, dýpka skilning barnanna á fyrirbærinu Sæborg og hvetja börnin til að skoða húsnæði leikskólans á nýjan hátt.
- ▶ Börnin teiknuðu skólann.
- ▶ Börnin skoðuðu það sem þau voru ekki vön að skoða eins og kaffistofa starfsmanna, eldhús og þvottahús. Í þessum ferðum um leikskólann voru hugmyndir og spurningar barnanna skráðar og nýttar til að þróa enn frekar umræðu og næstu skref í verkefninu.
- ▶ Börnin tóku síðan mynd af því sem þeim fannst merkilegt eða spennandi.
- ▶ Verkefnið lauk með afmælisveislu sem var mótuð að mörgu leyti af hugmyndum barnanna.



Lýðræði í leikskólum skv. úttekt umboðsmanns barna

- ▶ Vildum safna saman upplýsingum frá leikskólum um verkefni þar sem sérstaklega er unnið út frá hugmyndum um grunngildi lýðræðis og lýðræðislegs samfélags.
- ▶ Sendum bréf til allra leikskóla vorið 2011.
- ▶ Óskað eftir stuttum lýsingum á verkefnum og uppeldishugmyndum.
- ▶ Fengum um 20 svör. Niðurstöðurnar eru á www.barn.is, en þangað getur starfsfólk leikskóla og aðrir sem hafa áhuga leitað til að fá hugmyndir um verkefni og vinnulag.
- ▶ Allar viðbætur vel þegnar ef fleiri vilja taka þátt.



Lýðræði í leikskólum skv. úttekt umboðsmanns barna frh.

- ▶ Dæmi um að börn noti pontu til að segja frá einhverju eða t.d. kynna lög á söngfundi.
- ▶ Dæmi um að börn séu þjálfuð í fundarsköpum.
- ▶ Hugmynd frá barni um að það yrði spiluð tónlist í útiveru var framkvæmd á næsta góðviðrisdegi.
- ▶ Dæmi um umhverfisnefnd barna úr elsta árganginum sem kemur saman einu sinni í mánuði og ræðir um umhverfismál. Þar koma fram hugmyndir og ábendingar frá börnunum um hvað má betur fara o.fl.



Lýðræði í leikskólum skv. úttekt – dæmi frá leikskóla

- ▶ Börnin taka þátt í skólastarfinu, með ýmsum hætti, eins og að velja lögin í söngstundinni, velja hvað er lesið, hvað er í matinn, velja sér leikfélaga, velja sér námsgögn, efnivið og viðfangsefni.
- ▶ Ýmsar aðferðir notaðar til að fá viðhorf barna fram í leikskólastarfinu. Eins og með viðtölum við börnin og matsblöðum, með teikningum, ljósmyndum og í gegnum hlutverkaleik. Einnig er notuð uppeldisleg skráning til að fá fram viðhorf barnanna.
- ▶ Kosning hjá börnum fer þannig fram þegar þau velja hvað er í matinn, fyrst er óskað eftir tillögum hjá barnahópnum og síðan kjósa börnin leynilega með því að setja strik við mynd af matar tillögunum í heimatilbúnum kjörklefa.




Lýðræði í leikskólum skv. úttekt umboðsmanns barna frh.

- ▶ Leikskólabörn og leikskólakennarar á elstu deildinni fóru á fund bæjarstjóra, til að ræða reynslu sína af því að vera ungir vegfarendur í Reykjanesbæ og það sem mætti betur fara frá þeirra sjónarhorni. Þau sögðust t.d. ekki sjá upp fyrir grjóthleðsluna við ströndina, í vettvangsferðum sínum um Ægisgötu. Börnin afhentu bæjarstjóranum bréf með hugmynd og teikningu sem sýndi mögulega útfærslu:
 - ▶ Við börnin á Ljósvöllum næstelstu deildinni í leikskólanum Tjarnarseli langar til að biðja þig að sjá hlutina frá okkar sjónarhorni, þegar við erum í vettvangsferð um sjávarsíðuna í Reykjanesbæ sjáum við aldrei sjóinn og fuglana fyrir stóru steinunum. Við erum með skemmtilega tillögu sem erfitt er að hafna. Mætti ekki gera fallegan útsýnispall svo við getum notið útsýnisins betur. Meðfylgjandi er mynd af hugmynd okkar.



Lýðræði í leikskólum skv. úttekt – dæmi frá leikskóla

- ▶ Í einni vettvangsferð gengu leikskólabörn og leikskólakennarar fram á skemmd í gangstétt. Börnin sendu bæjarstjóranum svohljóðandi bréf með myndum:
- ▶ *Til vinnumannanna til að laga þessa gangstétt! Er hægt að fá nýja gangstétt? Getur þú látið vinnumennina laga gangstéttina með steinum og gangstéttarlími? Ef gangstéttin verður svona áfram, þá getur fólk handleggsbrotnað og hausbrotnað. Kveðja frá nemendum Ljósvalla í leikskólanum Tjarnarseli.*
- ▶ Tveimur vikum síðar var hafist handa við lagfæringar sem börnin fylgdust með.



Lýðræði í grunnskólum skv. úttekt umboðsmanns barna

- ▶ Vildum safna saman upplýsingum frá grunnskólum um nemendafélög og aðkomu nemenda að skólaráðum.
- ▶ Sendum bréf til allra grunnskóla haustið 2011, birt á www.barn.is.
- ▶ Óskað eftir svörum við nokkrum spurningum.
- ▶ Fengum 35 svör. Fullt af góðum dæmum um vönduð vinnubrögð eru á www.barn.is.
- ▶ Allar viðbætur vel þegnar ef fleiri vilja taka þátt.



Lýðræði í grunnskólum - dæmi

- ▶ **Hvernig er starfsemi nemendafélags kynnt nemendum?**
 - ▶ Dæmi um að nemendafélag sé kynnt á skólasetningu, auglýst á auglýsingatöflu og á göngum skólans, gengið sé í bekki og haldin kynning fyrir hvern bekk o.fl.
 - ▶ Ýmis dæmi um hvernig nemendur kynna starfsemi t.d. með veggspjöldum, í gegnum Facebook eða á heimasíðu skólans.
- ▶ **Hvernig eru framboð kynnt nemendum?**
 - ▶ Ýmsar leiðir t.d. auglýst eftir framboðum, kynnt á sameiginlegum fundi á unglingastigi, gengið í bekki o.s.frv.
 - ▶ Dæmi um að félagsmálakennari vinni með nemendum við að kynna kosningar og framboð.



Lýðræði í grunnskólum - dæmi

- ▶ **Dæmi um mál sem nemendafélagið hefur unnið að:**
 - ▶ Garðaskóli: Nemendafélagið hefur unnið að úrbótum í mötuneytismálum, komið hugmyndum á framfæri til arkitekta sem hanna breytingar á skólahúsnæðinu og komið hugmyndum á framfæri til garðyrkjustjóra um úrbætur á skólalóðinni (fleiri bekkir, betri gönguleiðir, snyrtilegra umhverfi).
 - ▶ Valsárskóli: „Öðruvísi“ dagar í skólanum, skemmtanir af ýmsu tagi, söngstundir, hafragrautur í morgunmat.
 - ▶ Selásskóli: Nemendur komu á framfæri óskum um bættu aðstöðu á leikvelli til yfirmanna borgarinnar.



Lýðræði í grunnskólum skv. úttekt umboðsmanns barna frh. Dæmi:

- ▶ **Dæmi um erindi sem fulltrúar nemenda hafa borið upp í skólaráði:**
 - ▶ Reykjahlíðarskóli: Á haustfundinum þar sem við vorum m.a. að undirbúa fund fyrir skólasamfélagið komu nemendur með tvö mál sem þeir vildu ræða við foreldra um, þ.e. ljótt orðbragð barna og notkun tölvuleikja. Krakkar eru hættir að leika sér úti og tala aðallega um tölvuleiki.
 - ▶ Grunnskóli Snæfellsbæjar: Erindi kom upp um það að fá salatbar með máltíðum í hádegi, sem varð úr.
 - ▶ Laugargerðisskóli Snæfellsnesi: Að auka samstarf við aðra skóla, það er komið af stað.
 - ▶ Selásskóli: Þeir lögðu fyrir beiðni um að skrifað yrði bréf í nafni skólaráðs til yfirvalda til að bæta aðstöðu á skólalóð og sett yrði boltagerði. Bréfið var síðan sent.



Takk fyrir ☺



www.barn.is

